**Íbúaráð Vesturbæjar**

Ár 2020, miðvikudaginn, 16. september 2020, var haldinn 7. fundur íbúaráðs Vesturbæjar. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl.15:05 Fundinn sat: Birgir Þröstur Jóhannsson. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Björn Karlsson, Hildur Björnsdóttir, Hörður Heiðar Guðbjörnsson, Harpa Lind Ólafsdóttir, Skúli Þór Helgason og Sigþrúður Erla Arnardóttir.
Valgerður Jónsdóttir ritaði fundargerð.

**Þetta gerðist:**

1. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 3. september 2020, vegna heimilda til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávika frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar.

2. Fram fer kynning á starfsemi þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða og samstarfi við íbúaráð Vesturbæjar.

   Sigþrúður Erla Arnardóttir tekur sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði undir þessum lið

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 4. september 2020, með ósk um umsögn Íbúaráðs Vesturbæjar um tillögu að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir Vesturbæ.

   Samþykkt að fela formanni að skrifa drög að umsögn.

4. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 7. júlí 2020, um útskrift gerðarbók skipulags- og samgönguráðs dags. 10. júní 2020 vegna Vesturbæjarlaug – Hofsvallagata.

5. Lagðar fram athugasemdir fulltrúa í Íbúaráði Vesturbæjar, ódags. vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reits 1.131.

6. Fram fer kynning á samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ, samkvæmt auglýsingu af vef Reykjavíkurborgar, dags. 18. ágúst 2020 um samkeppni um útilistaverk í Vesturbæ. Frestað.

7. Fram fer umræða um málefni hverfisins.

8. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 14. september 2020, um breytingar á reglum um úthlutun hverfissjóðs Reykjavíkurborgar.

9. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður.
   Öllum umsóknum frestað.

**Fundi slitið kl. 16.45**

Birgir Þröstur Jóhannsson

Skúli Þór Helgason
Harpa Lind Ólafsdóttir
Sigþrúður Erla Arnardóttir

Hildur Björnsdóttir
Hörður Heiðar Guðbjörnsson
Björn Karlsson